



## Verkefni: Útvarpsþáttaröðin Harðgrýti fátæktar um fátækt á Íslandi

Styrkþegi: Edda Jónsdóttir / Ríkisútvarpið, Rás eitt

Vinna við gerð útvarpsþáttaraðarinnar Harðgrýti fátæktar gekk samkvæmt áætlun. Í upphaflegri tíma- og framkvæmdaáætlun var gert ráð fyrir að gerðir yrðu sex útvarpsþættir en raunin varð sú að gerðir voru átta þættir. Þáttunum var útvarpað vikulega. Fyrsta þætti var útvarpað hinn 29. maí en áttunda þætti var útvarpað 17. júlí. Allir þættirnir voru frumfluttir á kjör hlustunartíma eða kl. 13.00 á laugardögum. Þættirnir voru endurfluttir að kvöldi miðvikudags í vikunni sem fylgdi í kjölfarið.

Í fyrsta þætti var fjallað stuttlega um Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun. Í kjölfarið var gerð tilraun til að draga upp mynd af ástandinu á Íslandi um þessar mundir. Viðmælendur skilgreindu fátækt útfrá sinni reynslu og sérþekkingu.

Í öðrum þætti var fátækt meðal innflytjenda til umfjöllunar en í þriðja þætti var sjónum beint að eldra fólki. Í fjórða þætti var sjónum beint að örorkulífeyrisþegum og í fimmta þætti sjónum beint að einstæðum foreldrum og barnafjölskyldum.

Í sjötta þætti var sjónum beint að fólki götunnar. Það kom berlega í ljós að auk þess að búa við efnislega fátækt, búa heimilislausir við mikla félagslega einangrun. Í sjöunda þætti var sjónum beint að þeim sem ekki hafa atvinnu og áhersla lögð á að ræða við þá sem hafa fundið uppbyggjandi og skapandi leiðir til að takast á við atvinnuleysið.

Í áttunda og jafnframt síðasta þættinum var viðtal við bandarísku skáld- og rannsóknarblaðakonuna Barböru Ehrenreich. Hún sagði frá ágöllum hins bandaríska velferðarkerfis auk þess að greina frá kjarabaráttu grasrótahreyfingar sem berst fyrir hönd hinna „fátæku vinnandi“ eða *the working poor*. Í seinni hluta þáttarins voru pallborðsumræður um fátækt. Þátttakendur ræddu helstu vandamál tengd fátækt á Íslandi auk þess sem leitað var lausna.

Markmiðið með þáttaröðinni var fyrst og fremst að skapa vettvang til að ræða fátækt og mismunandi birtingarmyndir hennar. Einnig var markmiðið að stuðla að opinberri umræðu um fátækt og afbaka mýtur henni tengdar. Undirliggjandi markmið var einnig að beina sjónum að þeim lausnum sem bjóðast og því mikla uppbyggingarstarfi sem unnið er í grasrótahreyfingum hér á landi.

Með aukinni umræðu má ráðast að rótum fordóma sem oft eru til komnir vegna þess að fólk hefur ekki forsendur til að setja sig í spor annarra. Útvarp er einkar hentugur miðill fyrir efni af þessu tagi þar sem margir viðmælendur treysta sér frekar til að deila reynslu sinni í útvarpi heldur en í öðrum fjölmiðlum. Þetta kom berlega í ljós við gerð þáttanna Harðgrýti fátæktar en vel tókst til að fá fólk til að deila reynslu sinni af því að búa við fátækt.

Margir hlustendur höfðu samband í kjölfar þáttanna og komu á framfæri þakklæti fyrir umfjöllunina. Margir höfðu orð á því að það væri löngu tímabært að fjalla um fátækt og félagslega einangrun með þessum hætti.

**Project: The Rocky Path of Poverty, Radio Series on Poverty in Iceland**  
**Grantee: Edda Jonsdottir / National Broadcasting Service, RUV, Channel One,**  
**Radio**

Eight episodes on poverty in Iceland were produced and aired at Channel One Radio this summer. They were aired prime time weekly on Saturdays from May 29 through July 17.

The aim of the series was to provide a platform to discuss poverty and the social exclusion often related to poverty. Radio is a good medium for such discussions. People that wouldn't normally share their story are more willing to do so on radio since their true identity can be hidden. This was the case in the series and many people shared their story.

There were cases of people that had struggled with poverty for a long time and those who had managed to find ways to get out of poverty. There were stories of social exclusion - among those an episode on homeless people and their daily life.

Although the approach was to look at poverty of certain groups, there was emphasis on the fact that generalization should be avoided. For instance although many single mothers experience poverty, it can not be said that all of them are poor.

There was a lot of positive feedback from listeners. Many of them mentioned that they were grateful for the coverage.